



Náttúrufræðistofnun Íslands

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2017



RÍKISENDURSKOÐUN

Febrúar 2019

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
1 Inngangur	3
2 Niðurstöður og ábendingar	4
3 Viðbrögð við ábendingum	5
4 Fjárveitingar og rekstur	6
4.1 Fjárveitingar	6
4.2 Rekstrarátætlun.....	6
4.1 Niðurstaða.....	6
5 Innra eftirlit.....	7
5.1 Inngangur	7
5.2 Umfjöllun	7
5.2.1 Rekstrartekjur	7
5.2.2 Launagjöld og starfsmannamál.....	8
5.2.3 Rekstrargjöld.....	8
5.3 Niðurstaða.....	8
6 Fylgni við lög og reglur.....	9
6.1 Lög og reglugerðir	9
6.1.1 Ferðakostnaður.....	9
6.1.2 Risna.....	9
6.1.3 Opinber innkaup og innkaupakort.....	9
6.2 Niðurstaða.....	9
7 Endurskoðun rekstrarliða	10
7.1 Rekstrartekjur	10
7.2 Laun og launatengd gjöld.....	10
7.3 Önnur rekstrargjöld.....	10
7.4 Niðurstaða.....	11
8 Endurskoðun efnahagsliða	12
8.1 Eignir	12
8.1.1 Áhöld og búnaður	12
8.1.2 Vörubirgðir.....	12
8.1.3 Viðskiptakröfur og kröfur á tengda aðila.....	13
8.1.4 Ríkissjóður vegna orlofsskuldbindinga.....	13
8.1.5 Vörslufé.....	13
8.1.6 Handbært fé.....	13
8.2 Eigið fé og skuldir	13
8.2.1 Höfuðstóll	13
8.2.2 Ríkissjóður.....	13
8.2.3 Skammtímaskuldir, tengdir aðilar.....	13
8.2.4 Viðskiptaskuldir.....	13
8.2.5 Ógreidd laun, launaleiðrétting.....	13
8.2.6 Orlofsskuldbinding.....	14
8.2.7 Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	14
8.3 Niðurstaða.....	14
9 Önnur atriði	15
9.1 Staðfestingarbréf stjórnenda	15
9.2 Lögfræðibréf	15
9.3 Óhæðisyfirlýsing.....	15
9.4 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing.....	15

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir árið 2017.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Vakin er athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur Náttúrufræðistofnunar Íslands var síðast tekinn til skoðunar á árinu 2013 vegna ársins 2012.

2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun ársreiknings Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir árið 2017 er lokið. Ríkisendurskoðun vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

1. Fjárveitingar og rekstur

Tekjuafgangur ársins 2017 nam 31,1 m.kr. og var 12,7 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun stofnunarinnar í upphafi ársins. Skoða þarf innbyrðis ósamræmi í flokkun rekstrarliða samkvæmt fjárveitingum annars vegar og rekstri hins vegar.

2. Innra eftirlit

Aðgreina þarf ábyrgð á meðferð fjármuna og bókhaldi með aðgreiningu starfa. Stofnunin er hvött til að skjalfesta verkferla og verklagsreglur. Athuga þarf möguleika á að nýta tekjuskráningarluta fjárhagskerfisins til að auka áreiðanleika í tekjuskráningu. Innra eftirlit hjá stofnuninni má einnig styrkja með því að taka upp tvöfalt samþykktarferli fyrir samþykkt útgjalda.

3. Fylgni við lög og reglur

Bæta þarf frágang risnureikninga og lagt er til að greiddur sé útlagður kostnaður í stað dagpeninga innanlands þegar það á við. Mælst er til að settar verði skriflegar reglur um innkaup og að korthafar innkaupakorta staðfesti ábyrgð sína með undirritun við móttöku korts.

4. Efnahagsliðir

Æskilegt er að stofnanir í greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins hafi ekki bankareikninga nema bryn þörf sé til. Lagt er til að kannað verði hvort ekki komi til álita að fækka bankareikningum.

3 Viðbrögð við ábendingum

Meðfylgjandi eru viðbrögð Náttúrufræðistofnunar Íslands við þeim ábendingum sem fram koma í kafla 2.

1. Fjárveitingar og rekstur

Eins og fram kemur í t.l. 4.1 „Fjárveitingar“ þá voru gerðar á árinu 2017 grundvallarbreytingar á reikningshaldslegri meðferð varanlegra rekstrarfjármuna og eignakaupa. Leitast verður við að laga ósamræmi í fjárveitingum og á rekstrarliðum og verður þá leitað aðstoðar Fjársýslu og fagráðuneytis ef sýnist stefna í ósamræmi. Hækkun launagjalda árið 2017 var fjármögnuð af auknum sértekjum.

2. Innra eftirlit

Náttúrufræðistofnun Íslands er með starfsemi í Garðabæ 14-401-102 og á Akureyri -103. Aðgerðaraðgangur að bankareikningi á Akureyri verður færður yfir til fjármálastjóra og lokað fyrir þann aðgang hjá fjármálafulltrúa á Akureyri.

Verkferlar og verklagsreglur verða skjalfestar.

Tekjuskráningarluta Netbókhalds.is verður sagt upp og flutt yfir til Fjársýslu ríkisins, sem leiðir til öruggari innheimtu og eftirfylgni krafna.

Tvöfalt samþykktarferli fyrir samþykkt úgjalda er notað að miklu leyti. Hins vegar hefur verið erfitt að koma til skila samþykki yfirmanns Akureyrarseturs (14-401-103), sem staddur er í Garðabæ (14-401-102). Fundin verður leið til að samþykki yfirmanns fylgi reikningnum til greiðslu í Fjársýslu ríkisins, t.d. gæti tölvupóstur yfirmanns með samþykki fylgt reikningi til greiðslu.

3. Fylgni við lög og reglur

Brugðist verður við ábendingunni er varðar frágang risnureikninga þannig að getið verði hverjir nutu risunnar auk tilefnis. Risnureikningar verða áfram samþykktir af forstjóra eða fjármálastjóra í þeim tilvikum er forstjóri nýtur risunnar.

Reynt verður að greiða útlagðan kostnað í stað dagpeninga þegar það á við. Hins vegar er í langflestum tilfellum um að ræða ferðir starfsmanna vegna rannsókna á náttúru landsins fjarri hótélum og matsölustöðum.

Settar verða reglur um innkaup. Korthafar munu staðfesta ábyrgð sína með undirritun við móttöku greiðslu- og innkaupakorts. Einnig munu korthafar, sem nú þegar hafa slík kort til umráða undirrita skjal um ábyrgð sína.

4. Efnahagsliðir

Bankareikningum NÍ verður fækkað niður í 2. Annar verður fyrir starfsemi NÍ á Akureyri og hinn fyrir starfsemi NÍ í Garðabæ.

4 Fjárveitingar og rekstur

4.1 Fjárveitingar

Fjárveiting¹ ársins 2017 til Náttúrufræðistofnunar Íslands nam 601,1 m.kr. eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2017. Fjárveiting hækkaði um 1,2 m.kr. á árinu vegna launabóta og um 5,2 m.kr. til eignakaupa. Til lækkunar kom breyting vegna fjárfestingaframlags alls 6,3 m.kr. Heildarfjárveiting nam því 601,1 m.kr. Rekstrargjöld að frádregnum tekjum námu 570,0 m.kr. og tekjuafgangur á árinu 31,1 m.kr.

Fjárhæðir í þús. kr.	Fjárveitingar 2017	Rekstur 2017	Frávik 2017	Rekstur 2016
Rekstrartekjur	-87.700	-103.825	16.125	-92.304
Launagjöld	409.000	424.508	-15.508	390.182
Önnur rekstrargjöld	223.300	243.818	-20.518	249.542
Rekstrartilfærslur	23.700	270	23.430	4.168
Eignakaup, fyrning	32.765	5.176	27.589	792
Samtals	601.065	569.946	31.118	552.379

Frávik frá fjárveitingum komu fram á öllum liðum. Bent er á innbyrðis ósamræmi í fjárveitingum og á rekstrarliðum sem þarf að skoða nánar. Á árinu voru gerðar grundvallarbreytingar á reikningshaldslegri meðferð varanlegra rekstrarfjármuna og eignakaupa. Í stað þess að gjaldfæra keyptar eignir á kaupári eru þær nú eignfærðar og afskriftir gjaldfærðar. Afskriftir ársins námu 5,2 m.kr.

4.2 Rekstraráætlun

Lögð er áhersla á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar og að hún sé skráð í fjárhagskerfið. Rekstraráætlun fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands árið 2017 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins og var gert ráð fyrir 18,4 m.kr. tekjuafgangi í byrjun árs. Niðurstaða ársins varð 31,1 m.kr. tekjuafgangur sem er 12,7 m.kr. frávik frá rekstraráætlun.

4.1 Niðurstaða

Tekjuafgangur ársins 2017 nam 31,1 m.kr. og var 12,7 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun stofnunarinnar í upphafi ársins. Skoða þarf innbyrðis ósamræmi í flokkun rekstrarliða samkvæmt fjárveitingum annars vegar og rekstri hins vegar.

¹ Fjárveitingar samkvæmt orðskýringum í 5. tl. 3. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 eru ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til ríkisaðila, verkefna eða varasjóðs. En fjárheimild er heimild Alþingis, sem veitt er í fjárlögum og fjárukalögum, til ráðstöfunar á opinberu fé til málefnasviða og málaflokka.

5 Innra eftirlit

5.1 Inngangur

Forstjóri ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og að fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur.

5.2 Umfjöllun

Skipurit er til fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands og auk þess hafa verið settar stefnur í nokkrum málaflokkum svo sem starfsmannastefna, jafnréttisstefna, samgöngustefna, umhverfisstefna og upplýsingastefna. Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er notað fyrir fjárhagsbókhald og launavinnslu. Verkferlar og verklagsreglur hafa ekki verið skráðar en æskilegt er að það verði gert.

Aðgangur að einstökum kerfishlutum fjárhagskerfisins og hvernig hann er skilgreindur er hluti af því innra eftirliti sem til staðar er hjá stofnuninni. Við endurskoðun var farið yfir ábyrgðarsvið starfsmanna í aðgangi að fjárhagskerfinu án athugasemda.

Bent er á mikilvægi þess að skýr verkaskipting sé í störfum sem tengjast fjármálum, þannig að sitt hvor aðili sjái annars vegar um færslu bókhalds og hins vegar greiðslu reikninga. Það sama á við um innheimtu tekna og reikningagerð. Kannað var hvort um væri að ræða aðskilnað á milli bókhalds- og fjárreiðustarfa en aðgreining þessara starfa reyndist ófullnægjandi.

5.2.1 Rekstrartekjur

Útgáfa reikninga er gerð í gegnum netbókhald og eru reikningar síðan bókaðir í fjárhagsbókhald. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálastjóra eru reikningar bókaðir við útgáfu reiknings. Bent er á að reglulega þarf að stemma af reikningakerfi og fjárhagskerfi. Þá eru stjórnendur hvattir til að skoða hvort ekki sé hægt að nota tekjuskráningarhluta fjárhagskerfisins (AR), til að auka áreiðanleika í tekjuskráningu.

Skrásetja þarf verklagsreglur fyrir staðgreiðslutekjur, sem ýmist er skilað með dagsuppgjörum eða innborgunum á bankareikninga. Bent er á að koma þarf á aðgreiningu bókhalds og gjaldkera þannig að fjármálastjóri stemmi af bankareikninga vegna tekjuinnheimtu og aðrir starfsmenn sjái um gerð reikninga.

5.2.2 Launagjöld og starfsmannamál

Ráðningarsamningar eru gerðir við starfsmenn og forstjóri staðfestir ráðningu starfsmanns með undirritun sinni. Fjármálastjóri sér um varðveislu gagna vegna ráðninga og breytinga á kjörum ásamt því að skila gögnum til Fjársýslu ríkisins vegna launavinnslu hverju sinni. Viðveruskráningarkerfið Vinnustund er notað til skráningar á viðveru og fjarvistum hjá stofnuninni.

5.2.3 Rekstrargjöld

Verklag við samþykkt gjaldareikninga var staðfest með úrtakspröfun. Mælt er til að farið sé eftir þeirri meginreglu að tveir aðilar samþykki kostnaðarreikninga. Ferlið þarf að byggja á því að sá sem stofnar til kostnaðarins staðfesti að um réttan reikning sé að ræða og að forsendur séu réttar svo sem verð og magn. Síðan kemur til samþykki yfirmanna eða staðfesting á að kaupin hafi verið samþykkt og að bókað sé á rétt kostnaðarviðfang. Hægt er að hafa samþykktarferil einfaldari þegar um reglulegar og eða samningsbundnar greiðslur er að ræða.

5.3 Niðurstaða

Bæta þarf innra eftirlit hjá stofnunni.

- ✓ Æskilegt er að skrá verkferla og verklagsreglur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.
- ✓ Aðgreina þarf ábyrgð á meðferð fjármuna og bókhaldi með aðgreiningu starfa.
- ✓ Reglulega þarf að stemma af netbókhald og fjárhagsbókhald.
- ✓ Athuga þarf möguleika á að nýta tekjuskráningarhluta fjárhagskerfisins til að auka áreiðanleika í tekjuskráningu.
- ✓ Innra eftirlit hjá stofnuninni má styrkja með því að taka upp tvöfalt samþykktarferli fyrir samþykkt útgjalda.

6 Fylgni við lög og reglur

6.1 Lög og reglugerðir

Fjárhagsendurskoðun tekur mið af því hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á. Fjallað er sérstakleg um fjárveitingar og rekstraráætlun í kafla 4. Eftirtaldir liðir voru teknir til skoðunar:

6.1.1 Ferðakostnaður

Samkvæmt athugun á úrtaki ferðareikninga erlendis er reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt og ferðareikningi er skilað á eyðublaði sem Fjársýsla ríkisins hefur látið gera og fer uppgjör ferða eftir þeim útreikningi. Dagpeningar eru greiddir vegna ferða innanlands. Í einhverjum tilvikum ætti þó við að greiða útlagðan kostnað.

6.1.2 Risna

Risnureikningar ársins 2017 voru skoðaðir með úrtaksskoðun. Nokkuð skorti á að risnureikningar í úrtaki væru samþykktir af forstjóra auk þess að upplýsingar um tilefni risnu og hverjir nutu risunnar voru ekki alltaf skráðar á reikninga eða í fylgigögn með reikningum.

6.1.3 Opinber innkaup og innkaupakort

Ekki eru skráðar verklagsreglur um innkaup hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Samkvæmt upplýsingum fjármálastjóra er farið eftir þeim lögum og reglum sem gilda um opinber innkaup almennt. Lagt er til að sett verði innkaupastefna og/eða skriflegar verklagsreglur um innkaup eftir atvikum.

Sjö starfsmenn stofnunarinnar eru með innkaupakort. Ekki eru til staðar verklagsreglur um notkun kortanna en ætlast er til að hver og einn starfsmaður nýti þau í það sem tilheyrir starfi viðkomandi. Lagt er til að þeir sem fá slík kort undirriti reglur um notkun innkaupakorts við móttöku þar sem korthafi staðfestir ábyrgð sína sem handhafi kortsins, ásamt því að hámarksheimild korta verði skoðuð.

6.2 Niðurstaða

Bæta má frágang risnureikninga og greiða ferðakostnað innanlands í einhverjum tilvikum samkvæmt útlögðum kostnaði. Samþykki forstjóra þarf að liggja fyrir vegna risnu og tilgreina skal tilefni risnu á reikninginn. Jafnframt skal greint frá því hverjir nutu risunnar. Varðandi innkaup og innkaupakort er bent á að settar verði skriflegar reglur um innkaup eða innkaupastefna. Korthafar innkaupakorta staðfesti ábyrgð sína með undirritun við móttöku korts.

7 Endurskoðun rekstrarliða

Samkvæmt rekstraryfirliti námu tekjur Náttúrufræðistofnunar Íslands 103,3 m.kr. og gjöld námu 673,3 m.kr. Sjá sundurliðun í neðangreindri töflu.

Í þús.kr.	2017	2016	Breyting
Tekjur:			
Rekstrartekjur	103.342	91.520	11.821
	103.342	91.520	11.821
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	421.305	388.105	33.200
Orlofsskuldbinding	1.029	0	1.029
Ferðakostnaður og akstur	18.073	19.344	-1.272
Rekstrarvörur	13.747	12.978	768
Aðkeypt þjónusta	41.044	42.813	-1.769
Húsnæðiskostnaður	169.722	171.088	-1.365
Bifreiðakostnaður	3.196	3.961	-766
Eignakaup, fyrningar	5.176	0	5.176
Annar kostnaður	-3	5.610	-5.613
	673.288	643.899	29.389

7.1 Rekstrartekjur

Tekjur námu 103,3 m.kr. sem er hækkun um 11,8 m.kr. frá fyrra ári. Helstu tekjur stofnunarinnar eða 44% eru vegna virkjanaframkvæmda og ráðgjafaverkefna fyrir stjórnvöld. Þessar tekjur eru sveiflukenndar, tekjuaukningin frá fyrra ári nam 35%. Rekstrarframlög frá erlendum aðilum eru 35% af tekjum.

7.2 Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld námu 421,3 m.kr. auk orlofsskuldbindingar sem er hækkun um 33,2 m.kr. frá fyrra ári. Launakostnaður var borinn saman á milli ára og frávik greind. Greitt var fyrir 43,4 ársverk á árinu miðað við 44,8 ársverk á fyrra ári.

Endurskoðun beindist að skjalfestingu á ráðningarsamningum og launabreytingum. Tekið var úrtak fimm starfsmanna eða 9,6% starfsmanna.

7.3 Önnur rekstrargjöld

Stærsti liður rekstrargjalda fyrir utan launagjöld er húsnæðiskostnaður, alls 169,7 m.kr. Þar af er húsaleiga 162,2 m.kr. Stofnunin leigir húsnæði af félaginu Náttúrufræðihús ehf. og Fasteignum ríkisins. Auk þess er greidd leiga undir borkjarna.

Tekið var úrtak fylgiskjala af nokkrum tegundum kostnaðar. Fylgiskjöl voru meðal annars skoðuð með tilliti til formkrafna, efnis- og magnlýsinga, útreikninga og lotunar. Þá var kannað hvort reikningar væru efnislega réttir og hvort samþykki og önnur afgreiðsla þeirra væri í samræmi við verklagsreglu um meðferð reikninga.

7.4 Niðurstaða

Ekki voru gerðar athugasemdir við endurskoðun rekstrarliða umfram þær athugasemdir, sem fram komu í kafla 5 um innra eftirlit.

8 Endurskoðun efnahagsliða

Samkvæmt stöðu bókhalds í árslok 2017 námu eignir 186,9 m.kr., skuldir námu 167,2 m.kr. og höfuðstóll nam 19,6 m.kr.

Í þús.kr.	2017	1.1.2017	Breyting
Eignir:			
Áhöld og búnaður	14.725	13.590	1.135
Vörubirgðir	4.609	4.166	443
Viðskiptakröfur	62.474	29.781	32.692
Skammtímakröfur, tengdir aðilar	14.870	20.505	-5.635
Ríkissjóður vegna orlofsskuldbindinga	52.167	52.167	0
Vörslufé	34.359	33.378	981
Handbært fé	3.658	12.750	-9.092
Eignir alls	186.862	166.337	20.525
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	19.618	-13.879	33.497
Framlag til eignamyndunar	0	2.379	-2.379
Ríkissjóður	52.142	68.320	-16.178
Skammtímaskuldir, tengdir aðilar	4.818	2.738	2.081
Viðskiptaskuldir	7.156	7.645	-489
Vörslufé	34.359	33.378	981
Ógreidd laun, launaleiðrétting	847	0	847
Orlofsskuldbinding	53.196	52.167	1.029
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	14.725	13.590	1.135
Eigið fé og skuldir alls	186.862	166.337	20.525

8.1 Eignir

8.1.1 Áhöld og búnaður

Eignfærsla varanlegra fastafjármuna er gerð frá og með árinu 2017 ásamt öðrum breytingum í kjölfar setningar laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF). Yfirlit yfir áhöld og annan búnað var unnið hjá Fjársýslu ríkisins samkvæmt upplýsingum í eignakerfi fjárhagsbókhaldsins. Elstu skráðar eignir eru frá árinu 2011 og afskriftarhlutfall er 10-33,3%. Ríkisendurskoðun hefur ekki staðfest tilvist eigna samkvæmt yfirlitinu en forstöðumaður Náttúrufræðistofnunar Íslands samþykkti yfirlitið með áritun á stofnefnahagsreikning pr. 1/1 2017.

Árið 2017 var keyptur nýr búnaður fyrir 6,3 m kr. sem kemur til hækkunar á eignalið og afskriftir til lækkunar námu 5,1 m.kr.

8.1.2 Vörubirgðir

Birgðir í árslok námu 4,6 m.kr. sem er hækkun um 0,4 m.kr. frá fyrra ári. Ríkisendurskoðun var ekki viðstödd vörutalningu að þessu sinni.

8.1.3 Viðskiptakröfur og kröfur á tengda aðila

Skammtímakröfur námu 77,0 m.kr. og hækkuðu um 27,1 m.kr. frá fyrra ári.

8.1.4 Ríkissjóður vegna orlofsskuldbindinga

Bókfærð inneign hjá ríkissjóði vegna orlofsskuldbindingar nam 52,2 m.kr. og er óbreytt frá stofnefnahagsreikningi þann 1. janúar 2017. Hér er um að ræða kröfu á ríkissjóð vegna breytingar á gjaldfærslu orlofsskuldbindinga til samræmis við LOF. Orlofsskuldbinding var uppfærð í stofnefnahagsreikningi og færð sem krafa á ríkissjóð.

8.1.5 Vörslufé

Vörslufé sem fært er til eignar og skuldar í bókhaldi Náttúrufræðistofnunar nam 34,4 m.kr. í árslok 2017. Um er að ræða tvo sjóði um IPA verkefni og er eign sjóðanna varðveitt á bankareikningum. Staða á bankareikningum var yfirfarin og stemmir við bankayfirlit.

8.1.6 Handbært fé

Handbært fé nam 3,6 m.kr. sem er lækkun um 9,1 m.kr. frá fyrra ári. Handbært fé samanstendur af átta bankareikningum. Samræmi var á milli stöðu bókhalds í árslok og staðfesta bankayfirlita. Skoða þarf hvort loka megji bankareikningum sem ekki eru í notkun. Af átta bankareikningum voru sex aðeins með hreyfingar í bókhaldi á árinu 2017 vegna innvaxta og fjármagnstekjuskatts.

8.2 Eigið fé og skuldir

8.2.1 Höfuðstóll

Höfuðstóll nam 19,6 m.kr. í árslok 2017.

8.2.2 Ríkissjóður

Staða viðskiptareiknings við ríkissjóð var 52,1 m.kr. skuld í árslok 2017 og hafði skuldin lækkað um 16,2 m.kr. á árinu.

8.2.3 Skammtímaskuldir, tengdir aðilar

Skammtímaskuldir við tengda aðila námu 4,8 m.kr. í árslok 2017. Um er að ræða uppgjör vegna virðisaukaskatts en skýrsla fyrir síðustu tvo mánuði ársins er til greiðslu í febrúar á næsta ári og var skuldin greidd þá samkvæmt athugun á bókhaldi fyrstu mánaða ársins 2018.

8.2.4 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir námu 7,2 m.kr. í árslok 2018.

8.2.5 Ógreidd laun, launaleiðrétting

Skuld við starfsmenn vegna launa stafar eingöngu af leiðréttingu vegna afturvirkra kjarasamninga sem gerðir voru á árinu 2018. Leiðrétting vegna ársins 2017 var gjaldfærð árið 2017 og greidd út þann 1. mars 2018.

8.2.6 Orlofsskuldbinding

Frá og með árinu 2017 er orlofsskuldbinding gjaldfærð í rekstrarreikningum stofnana í A-hluta til samræmis við lög um opinber fjármál. Á móti kemur skuldfærsla í efnahagsreikningi. Staðan var 53,2 m.kr. í árslok 2017 og hafði hækkað um 1,0 m.kr. frá fyrra ári. Orlofsskuldbinding er yfirfarin hjá Fjársýslu ríkisins.

8.2.7 Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda

Fyrirframgreiddar tekjur eða frestun tekjufærslu vegna fjárfestingaheimilda er einnig nýr skuldaliður í framhaldi af þeirri breytingu samkvæmt lögum um opinber fjármál, að gjaldfæra eigi einungis afskriftir af búnaði. Fram til ársins 2017 voru kaup á eignum svo sem húsbúnaði, tækjabúnaði, tölvum og stærri eignum, bifreiðum og fasteignum gjaldfærðar hjá stofnunum í A-hluta á kaupári og fjárveiting til kaupanna tekjufærð á sama ári.

Frá og með 2018 eru slík kaup eignfærð og reiknaðar árlegar afskriftir af eignunum. Fjárheimildir til kaupanna eru því færðar skuldamegin í efnahagsreikning að frádregnum þeim fjárheimildum sem eru færðar í rekstrarreikning á móti afskriftum.

Þessi liður hækkaði um tæplega 1,1 m.kr. frá stofnefnahagsreikningi þann 1. janúar 2017 eða sem nam 5,2 m.kr. afskriftum að frádregnum 6,2 m.kr. kaupum á nýjum búnaði.

8.3 Niðurstaða

Mælst er til að skoðað verði hvort fækka megi bankareikningum, þar sem stofnunin er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins og ekki eru allir bankareikningar, sem skráðir eru í bókhaldi stofnunarinnar, í notkun.

9 Önnur atriði

9.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda, sem sent var til stofnunarinnar af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað 16. janúar 2019.

9.2 Lögfræðibréf

Ekki var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi, þar sem forstjóri gerði grein fyrir málaferli sem stofnunin á í og hefur það ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins 2017.

9.3 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

9.4 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá Náttúrufræðistofnun Íslands var undirrituð af ríkisendurskoðanda og forstjóra þann 12. febrúar 2018.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningsskil Náttúrufræðistofnunar Íslands.



Ríkisendurskoðun
Bréttartúni 7 - 105 Reykjavík
Sími 569-7100

postur@rikisendurskodun.is - www.rikisendurskodun.is